

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 111111. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar**  
**haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, föstudaginn 29. desember 2017 og hófst hann kl. 10:00.**

**Fundinn sátu:**

Pétur Steinar Jóhannsson Nefndarmaður, Svanur Tómasson Embættismaður, Halldór Kristinsson Nefndarmaður, Illugi Jens Jónasson Nefndarmaður, Margrét Björk Björnsdóttir Nefndarmaður, Davíð Viðarsson Ritari og Guðmundur Ólafsson Varamaður.

**Fundargerð ritaði:** Davíð Viðarsson, Byggingarfulltrúi.

**Dagskrá:**

- 1. 1712005 - Arnarfell\_óskað er eftir að breytt deiliskipulag verði tekið til umfjöllunar**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið og vísar deiliskipulaginu í lögboðið auglýsingaferli.
- 2. 1712004 - Sandholt 7\_umsókn um byggingarleyfi til þess að setja hurð í stað glugga**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 3. 1712003 - Ólafsbraut 66\_umsókn um byggingarleyfi fyrir sólpalli og skýli fyrir heitan pott**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar erindinu þar til öll tilskilin gögn hafa borist.
- 4. 1704011 - Fróðá\_umsókn um efnistöku í Fróðárfjöru vegna háspennustrengs (Grundarfjarðarlínu 2)**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 5. 1712001 - Arnarstapi\_umsókn um stöðuleyfi fyrir matvagni**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd úthlutar að svo stöddu ekki stöðuleyfi á Arnarstapa.
- 6. 1709003 - Skógræktarfélag Ólafsvíkur\_félagið leggur til að allt óbyggilegt land ofan Ólafsvíkur verði skipulagt sem eitt skógræktarsvæði**  
Vagn Ingólfsson, Sigurður Scheving og Hilmar Arason frá skógræktarfélaginu koma inn á fundinn.

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

---

Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar skógrækt vestan Bæjarfoss með tilvísan í aðalskipulag sem er í samþykktarferli og bendir hlutaðeiganda á að senda formlega athugasemd á aðalskipulagi varðandi þetta mál. Nefndin samþykkir að B-svæði á milli núverandi reitar skógræktar og Rariksreitar fari undir skógrækt og tenging verði á milli skóganna. Sent verður erindi til bæjarstjórnar um að ganga frá umráðarétti og umsjón með skógræktarreitum sem eru til staðar við Ólafsvík. Skógræktarmenn víkja af fundi.

### **7. 1712002 - Bárðarás 21\_erindi frá bæjarráði. Bréf frá nágroönum v. óleyfiframkvæmda**

Umhverfis- og skipulagsnefnd felur byggingarfulltrúa að senda eigendum bréf með athugasemdum íbúa og hvetja eiganda til úrbóta sem fyrst.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .**